

3ja og síðasta mótið sem Ásgeir tekur þátt í í Luxemburg er nú hafið. Skorið er sem fyrr í beinni hérna http://www.fltas.lu/riac_2010/live/ Eftir fyrstu 50 skotin er hann efstur, 1 stigi á undan Isakov margföldum sigurvegara Rússa á stórmótum, m.a.2 brons á Ólympíleikum. Næstíðasta sería Ásgeirs var 100 stig, fullkomið skor ! Undankeppninni er nú lokið og er Ásgeir efstur fyrir úrslitin sem hefjast kl.15:30 að íslenskum tíma. Hann er á mjög góðu skori, 584 stigum en serían hans var 99 97 95 96 100 97 ! Þetta er besta skor Ásgeirs á erlendu móti. Ekki slæmt ná því í harðri keppni við rússneska landsliðið.